

NORÐURLJÓŠ

Fréttabréf Norðuráls

6. tbl. 2013 • Ritstjórar: Sólveig Kr. Bergmann og Trausti Gylfason • Ábyrgð: Ágúst F. Hafberg

Ritnefnd: Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Ása Birna Viðarsdóttir, Bjarni Ingi Björnsson, Sigurður Amar Árnason, Sverrir Þór Guðmundsson og Steinunn Kr. Pétursdóttir. Myndir: Ása Birna Viðarsdóttir o.fl.



Norðurálsmótið var haldið helgina 21. -23. júní á Akranesi. Mótið, sem eitt það stærsta hér á landi, er fyrir kraftmikla 6-8 ára fótboltastráka sem skemmta sér í leik og keppni.

Ljósmynd: Bjarki Georgsson





Félögin sem mættu til leiks hafa aldrei verið fleiri eða 28, með 144 lið og um 1250 þátttakendur. Keppt var á 18 völlum samtímis og 576 leikir spilaðir. Áætlað er að á áttunda þúsund gestir hafi lagt leið sína á Jaðarsbakkasvæðið sem skartaði sínu fegursta í veðurblíðunni.

Spennandi

Þeir eru komnir á leiðarenda spennarnir sem fluttur voru frá Reykjavík að Grundartanga í lögregluþyngd enda um að ræða einhverja mestu þungaflytninga sem ráðist hefur verið í hér á landi. Léttari spennirinn er 95 tonn en sá þyngri, sem fluttur var sólarhringi síðar er 126 tonn. Bíll og tengivagn vega 64 tonn, þannig að samtals voru þetta 190 tonn.

Flutningar gengu vel og hægt var farið yfir. Lagt var af stað skömmu eftir miðnætti og ferðinni lauk um klukkan sex um morguninn.





Alltaf í boltanum

Samstarfssamningur Norðuráls og Knattspyrnufélags ÍA var endurnýjaður til næstu fimm ára fyrir leik Skagamanna og Keflvíkinga í Pepsídeildinni. Leikurinn, sem Norðurál bauð áhorfendum á, fór 3-2 fyrir Keflavík.

„Þetta var hörkuleikur og fallegasta mark leiksins átti Jóhannes Karl Guðjónsson beint úr aukaspyrnu,“ segir Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls. „Vörnin var heldur opin fyrsta kortið en svo náði ÍA tókum á leiknum. Það er ljóst að liðið hefur alla burði til að gera betur.“ Norðurál hefur verið

styrktaraðili ÍA frá því fyrirtækið hóf starfsemi á Grundartanga 1998 og aðal-

styrktaraðili við fótboltann á Akranesi síðustu árin eða frá árinu 2010. Ragnar sagði í



Þórður Guðjónsson, Ingi Fannar Eiríksson, Ragnar Guðmundsson og Sandra M. Sigurjónsdóttir

tilefni undirritunarinnar, reyndar í gaman-sömum tóni, að Norðurál hafi í langan

tíma langað til að vera í fararbroddi þeirra fyrirtækja sem styðja við öflugt og gott ungmenna- og íþróttastarf tengt fótboltaþænum Akranesi, en ekki komist að fyrir bönkunum fyrir hrunið. Þórður Guðjónsson framkvæmdastjóri KFÍA sagði einkar mikilvægt að eiga sterkan bakhjarl eins og Norðurál, til að standa undir gæðum bæði í yngri flokkastarfi og til að halda úti öflugum meistaraflokkum hjá konum og körlum.

Það væru einmitt styrktaraðilar eins og Norðurál sem gerði ÍA þetta kleift og góður vitnisburður um það væri nýafstaðið og velheppnað Norðurálsmót yngstu knattspyrnumannanna í landinu.

Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

Kæra samstarfsfólk!

Sumarið fer mjög vel af stað í framleiðsludeildunum sem og annars staðar í fyrirtækinu. Fyrstu hópar starfsfólks hafa þegar tekið sumarfrí og sumarfólk fyllt þeirra skörð. Þau standa sig með miklum ágætum og hafa nú þegar náð tókum á framleiðslustörfum, viðhaldsstörfum og öðrum verkefnum sem þau sinna víðs vegar um fyrirtækið. Það er greinilegt að þjálfun nýliða hefur verið markviss og nákvæm og að samstarfsmenn hafa að sama skapi sýnt metnað í að öðlast færni. Öll verk eru unnin af natni og á réttum tíma sem skilar sér í góðri framleiðslu og verkum.

Töluvert hefur verið um öryggistilkynningar. Það þarf ekki að vera neikvætt þegar t.d. er um varhugaverðar aðstæður eða atburði að ræða. Þessar tilkynningar sýna okkur að starfsmenn eru á varðbergi og hafa árveknina í farteskinu við störf sín.

Öryggisvístalan, sem sýnir okkur framgang öryggismála, hefur sem betur fer verið á lág árið 2013 en hana má sjá á upplýsingaskjáum víðs vegar um svæðið.

Það sem af er ári erum við yfir framleiðsluáætlun og gott jafnvægi hefur náðst í gæðum hráefna, s.s. súráls og forskauta og búnadur verksmiðjunnar hefur verið áreiðan-

legur. Allt stuðlar það að jafnvægi í rekstrinum sem gerir okkur kleift að ná enn betri árangri. Á síðustu vikum höfum við t.d. séð ánægjulega þróun í tíðni spennurisa en hún hefur lækkað töluvert. Þetta sýnir að með samstilltu átaki milli deilda og agaðra vinnubragða þá náum við okkar markmiðum.

Að lokum vil ég minna á að heitir sumardagar geta verið mikil áskorun fyrir starfsmenn. Mikilvægt er að þeir hugi vel að heilsu sinni og passi að mæta vökvatapi í heitu umhverfi með því að drekka vatn reglulega.

Gunnar Guðlaugsson

Starfshættir til fyrirmyndar

Allt of sjaldan hrósum við fólki sem hefur staðið vel að verki. Mannskepnunni er einhvern veginn eðlislægra að einblína á það sem miður fer í stað þess að hrósa því sem vel er gert. Fyrir skemmstu voru tveir ungir rafvirkjar hjá Norðuráli, þeir Birkir Sigurðarson

og Adam Finnsson, að laga strengi á þéttflæðibrúnni. Þar sýndu þeir fyrirmyndarvinnubrögð. Verkið var áhættuskiptað og í samræmu við niðurstöður skimunarinnar út frá því gerðar tilheyrandi og nauðsynlegar öryggisráðstafanir. Nota þurfti spjótlyftu til verks-

ins og var vinnusvæðið kirfilega merkt svo að enginn óviðkomandi færi inn á vinnusvæðið. Fréttamaður Norðurljósa smelli meðfylgjandi myndum af þeim félögum og af merkingunum sem þeir höfðu komið fyrir. Þessi vinnubrögð eru öllum til eftirbreytni.



Félagarnir í spjótlyftu og búnir að merkja vinnusvæðið með borðum, keilum og útdraganlegum grindum Rafvirkjarnir knáu, Birkir Sigurðarson til vinstri og Adam Finnsson

Sudoku

ERFID

	8		5	1	2			
			3	1				
6	7				9			
			9	7	3			
9								8
	8	2	6					
	2			6	1			
		4	2					
6	4	5		2				

MIDLUNGS

5	9		1			8		
	8	9				1	2	
6	3							
4						8		
	6	2	5	1				
7						4		
				2	7			
8	1			6	2			
2		7	4	6				

AUÐVELD

		9	5			7		
	9		7	8	2			
3	2	1				5	9	
9		6						
	1	9	3					
			3		2			
2	8			6	5	4		
		7	4	2		1		
5		3	9					

AFBRIGDILEG :)

	1	2		5		4		
		9			6			
		3			8			
	4					9		
1								6
		2	9		3	1		
7		1	2				8	
		5	7					



Frjókornaofnæmi

Stíflað nef og tárivot augu

Frjókornaofnæmi er eitt algengasta ofnæmi sem kemur fram í nefi og augum. Ástæðan er ofnæmi fyrir grasi, birki, túnfíflum eða hundasúrum þ.e. frjókornum frá gróðri. Einkennin koma yfirleitt fram á sama tíma á hverju ári og sumum reynist erfitt að greina á milli sumarkvefs og frjóofnæmis. Margir þjást af kvefi á hverju sumri áður en þeir átta sig á því að um frjókornaofnæmi er að ræða. Reynið því að átta ykkur á því hvort hugsanleg tengsl geti verið milli einkenna og gróðurs í kringum ykkur.

Frjókornaofnæmi er algengara meðal barna og unglínga og fylgir þeim gjarnan fram á fullorðinsár. Talið er að sjöundi hver unglíngur sé með frjókornaofnæmi. Ofnæmi getur einnig komið fram hjá fólki á hvaða aldri sem er. Ofnæmi þýðir að ónæmiskerfi líkamans fer að mynda ofgnótt af sértækum ofnæmismótefnum gegn próteinögnum. Dæmi um próteinagnir eru frjókorn grasa. Þessi mótefni sitja á mastfrumum. Þegar mótefni bindast ofnæmisvökunum ræsast mastfrumurnar og losa efni, m.a. histamín, sem valda einkennum ofnæmis.

Tímabil

Helsta tímabil frjókornaofnæmis er sumarið, þ.e. júní, júlí og ágúst. Birkifrjókorn eru mest í lok maí og byrjun júní, grasfrjókornin koma í fyrri hluta júní en ná hámarki seinni hluta júlí og í byrjun ágúst. Frjókorn frá súrum eru heldur seinna á ferðinni eða frá júlí fram í september. Frjókornatímabilin geta verið mismunandi milli ára, allt eftir árferði, veðri og umhverfi.

Magn frjókorna í andrúmsloftinu fer mikið eftir veðri. Þegar rignir er magn frjókorna í lofti lítið, því laus frjókorn setjast

á jörðina og blautar plöntur gefa ekki frá sér ný frjókorn. Á hlýjum, þurrum dögum eykst frjókornamagnið, einkum ef vindur blæs.

Veðurstofa Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands standa í sameiningu að mælingu frjókorna í andrúmslofti. Hægt er að fylgjast með frjókornamælingum á vef Náttúrufræðistofnunarinnar, www.ni.is.

Greining

Frjókornaofnæmi er oftast greint eftir einkennum. Einnig hægt að greina með húðprófunum og mótefnamælingu í blóði.

Einkenni

Nef, kláði, nefrennsli, hnerri og nefstífla.

Augu, kláði, bólga, þroti, rennsli úr augum, rauðsprengd augu og jafnvel bjúgur í slímhimnu augnanna.

Lungu, það geta komið fram astmalík einkenni frá lungum. hósti, hvæsandi öndun og andþyngsli.

Meðferð

Langflestir sem eru með gróðurofnæmi þurfa á einhverri lyfjameðferð að halda. Eitt af þeim efnum sem líkaminn myndar í ofnæmisviðbragði er histamín. Histamín veldur kláða í nefi og augum. Því þarf oft að meðhöndla ofnæmi með svokölluðum andhistamín-lyfjum. Andhistamín-lyf eru yfirleitt í töfluformi, t.d. Histasin og Lóritín en ofnæmislyf fást einnig sem staðbundin lyf eins og augndropar og nefdropar. Andhistamín er efni sem hindrar að histamínið virki og einkenni s.s. kláði í augum og nefi hverfur. Flest þessi lyf má kaupa án lyfseðils í næsta apóteki. Oft er hægt að taka þessi lyf eftir þörfum en þegar einkennum eru mikil er nauðsynlegt að taka þau reglubundið. Ofnæmislyf geta valdið vægum aukaverkunum t.d. syfju eða höfuðverk.

Ef ofnæmið er svæsið og ekki tekst að halda einkennum niðri er ráðlegt að leita til læknis. Til eru öflugri aðferðir til að kljást við frjókornaofnæmi en þá þarf lyfseðilskyld lyf og frekari eftirfylgd. Stundum er notuð fyrirbyggjandi meðferð sem aðeins lækni ákveður.

Athugið ef einkennum bráðaofnæmis koma fram (bjúgur í öndunarferum, þroti á vörum eða í hálsi, roði, útbrot, öndunarörðugleikar) þá skal hringja í 112 og leita læknis strax.

Góð ráð gegn frjókornaofnæmi

Forðast ofnæmisvaldinn eins og hægt er. Ef viðkomandi kemst í snertingu við ofnæmisvald þá skal skipta um fót og þvo andlit og hendur.

Fylgist með frjókornamælingum og frjókornaspá, sérstaklega ef fyrirhuguð er mikil útivera.

Hægt er að takmarka gróður í nánasta umhverfi viðkvæmra einstaklinga þó að fæstir vilji hafa malbikaðan garð.

Þurrkið ekki þvott á snúru utandyra þegar mikið er af frjókornum í loftinu því að þau setjast í fót og lín.

Látið ekki barnavagna standa utandyra og safna í sig frjókornum.

Hafir þú ofnæmi fyrir grasi skalt þú reyna að fá einhvern annan til að slá blettinn (góð afsökun).

Talið er að inntaka D-vítamíns dragi úr einkennum frjókornaofnæmis.

Taka inn ofnæmislyf strax og fyrstu einkenna verður vart.

Farðu alltaf eftir ráðleggingum læknis um notkun ofnæmislyfja, hafir þú fengið slík lyf.

*Gleðilegt sumar
Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir
Hjúkrunarfræðingur Norduráls*



Ingibjörg Helga Ingólfssdóttir listakokkur

„Eyði frítímanum í gottari“

Inga, ertu úr Reykjavík spyr fréttamaður Norðurljósa?

- Nei, ég er Kópavogsbúi í húð og hár og ég er Bliki og held með mínu gamla bæjarfélagi! Fædd í vesturbænum en við sex ára aldur fluttist ég í austurbæinn þannig að ég rata um allt í Kópavoginum. Í gatnakerfi Kópavogs hefur til skamms tíma ríkt eins konar ringulreið. Til er brandari um ungan mann sem ætlaði að hitta kærustuna sína en þegar hann loksins fann hvar hún bjó þá var hún gift öðrum manni.

Hvernig stóð á því að matvælaíðnaðurinn var fyrir valinu?

- Ég kunní ekkert að elda, þurfti ekki að elda heima hjá mér, mamma hafði öll tögli í eldhúsinu. Eftir eitt ár í Menntaskólanum í Kópavogi fann ég að stærðfræði og eðlisfræði voru ekki fyrir mig svo ég fór í matvælabraut Fjölbrautaskóla Breiðholts. Tók þar matartækninn og útskrifaðist með sérnám í sjúkræði árið 1990 eftir tveggja ára nám. Ég fann hvað mér líkaði þetta vel og því fór ég í matreiðslunám á Hótel Sögu

og lauk prófi 1993. Þar unnum við Kalli (kokkur Norðurljósa) saman í stuttan tíma og hann fékk mig síðan hingað til Norðurljósa. Til Danmerkur fór ég síðan 1995 til frekara náms og lærði kókugerðarlist, konditori hjá afar virtu fyrirtæki sem hét Marstrand. Þetta var rosalega flott bakarí á þessum tíma. Þaðan útskrifaðist ég með hæstu einkunn og í viðurkenningarskyni fékk ég heiðursmerki frá drottningunni í Danmörku. Í sveinsprófinu var Gert Sørensen konditori-meistari prófdómari,



Með Ólafi Ragnar Grimssyni á Bessastöðum.

en hann var jafnframt meistari dönsku krúnunnar og rak kökugerðarhús í Tívoli í Kaupmannahöfn til fjölda ára. Þess má geta að aðeins tveir Íslendingar sem hafa fengið þessa viðurkenningu. Iðnnámi í Danmörku er gert hátt undir höfði. Iðnnemar sem ná fyrstu einkunn fá annað hvort brons- eða silfurpening í viðurkenningar skyni frá Margrétu og bronspeninginn á ég heima.

Silfurpening fá afar fáir en meistarinn minn gamli átti reyndar einn. Þegar að útskriftinni kom þá var ég kölluð niður í Ráðhúsið í Kaupmannahöfn þar sem var heljarinnar athöfn með Margrétu drottningu og Hinrik Danaprins. Þetta var virðuleg samkoma; nöfn okkar voru kölluð upp og okkur skipað í sæti eftir kúnstarinnar reglum. Þarna tókum við saman sveinspróf í kökugerðarlist árið

1998 ég og Hjálmar Jónsson vélvirki í viðhaldsdeildinni en samtals vorum við fjórir Íslendingarnir í prófinu. Þetta sama ár flutti ég heim og var búin að fá leið á matseldinni svo ég skellti mér í ferðamálaeild MK og útskrifaðist þaðan sem ferðafræðingur. Næstu árin starfaði ég á ferðaskrifstofum við að koma Íslendingum í sólina suður í lönd. Kreppan fór illa með það starf þannig að aftur lá leiðin í eldhúsið en ég var í fimm ár við matseld í eldhúsinu hjá Hönnun og var síðan eitt ár í Mosfellsbakaríi. Aftur fluttist ég út þegar kreppan reið yfir af fullu afli og bjó þá í þrjú ár í Esbjerg í Danmörku áður en leiðin lá til Norðurláls.

Til að halda sér við sem kökugerðarmeistari meistari þá hefur Inga séð um súkkulaðinámskeið hjá Nóa/Síríus en eins og hún segir sjálf „ég elska súkkulaði og eyði frítímanum mínum í gottaní“. Þá hefur Inga verið fengin til að baka ofan í hjónin Ólaf og Dorrit, húsráðendur á Bessastöðum.



Meistarastykkinn hennar Ingu



Inga tekur við heiðursmerki frá Margrétu Þórhildi danadrottningu.



- Á síðasta ári stofnuðum við nokkrir félagar Konditorífélag Íslands en það er eins konar stéttarfélag. Við erum sannast sagna að berjast fyrir rétti okkar í samfélaginu. Þetta voru lokaorð Ingu því hún mátti ekki vera að því að ræða lengur við fréttamann Norðurljósa þar sem hádegisverður hjá starfsmönnum Norðurláls var að hefjast og nóg er að sýsla í eldhúsinu þegar kostgangararnir byrja að streyma að til að gæða sér á gómsætum matnum sem framreiddur er af starfsfólki eldhússins.

Spurning dagsins

Hvað ætlar þú að gera um Verslunarmannahelgina?



Andri Þór Hallsson, kerstjörn

Flakka um landið og elta góða veðrið.



Sigrún Helgadóttir, framkvæmdastjörn

Fara á hestbak í sveitinni, þ.e. Gnúpverjahreppi.



Jóhannes Andrésson, C vakt kerskála

Vinna!



Hafsteinn Rúnar Gunnarsson, öryggisfulltrúi

Njóta þess að vera heima.



Unnur Eva Ólafsdóttir, matselja

Gefa C vakt að borða en hugurinn verður úti í Eyjum.

Breytt og bætt

Ný starfsmannaadstaða hefur verið tekin í notkun í D60.

Heyrst hefur að starfsmenn kalli nýju aðstöðuna Æxlið með vísan í Vörturnar, Helvíti með vísan í Himnaríki eða einfaldlega D60.

Hvaða nafn festist við aðstöðuna kemur í ljós en víst er að hún er til fyrirmyndar í alla staði.



O C I M F M H N I B G U H H C Q H T T S
D M J V F K E R S K Á L I I V O U J P X
Z A V R R T L Y X I J M O F E R I T J B
U T E Ö R Y G G I G N A T R A D N U R G
H H Y W U J U T U A K S R O F F Z X U Q
P M A R Á L V E R N N E G N I S S I L V
R T O K P X Í Í T N H Í D R A F O R K A
A Ú F R Q P K O W E A I L Y F T A R I C
N Á T M M I F J P P J Y R U T N E C P O
D P Q A N C K L U S T M E A P T P Y A S
X A H M B L S P Y Á L Z F A N Y K O M H
Q F J J G H T R B H U R S V H A E E Q I
Y H B J V O V Q K B A J Y S K G L T F K
C Y X T J Q Q M R Q D M N Y Z B R P S R
V N G C Y B C H N H T Q V U K I T B S I
K X O F W V G J I G Z K Q A Q X D X C V
D P Y T C C S C K L E O T K O T K Z P L
U C S Y Y C T A N M Q R A T P R P R F É
Z N J Y P H N K K N F M J P K U A D I V
O G Y Q R C D A T C O C Y O I K K M X S

CENTURY
FIMMTÁN
FORSKAUT
GRUNDARTANGI
HELGUVÍK
HIMNARÍKI
HÁSPENNA
KERSKÁLI
KJARNATEYMI
LYFTARI
PLANARI
RAFORKA
RÚTA
STEYPULÍNA
VLISSINGEN
VÉLVIRKI
ÁLVER
ÖRYGGI

Hver er?

Fullt nafn: Ingveldur María Hjartardóttir

Fæðingarstaður- og dagur: Reykjavík, 31. janúar 1994

Hvenær hófstu störf hjá Norður-áli? Ég byrjaði sem sumarstarfsmaður hjá A-vakt kerskálans í fyrra.

Hvað er skemmtilegast að gera fyrir utan vinnu? Ég er mest í því að semja og taka upp lög, mæti svo reglulega í ræktina og eyði restinni af fríinu með vinum.

Hvert er aðal áhugamálið? Tónlist hefur alltaf verið númer 1, 2 og 3. Annars eru fimleikar líka ofarlega á listanum sem og dans og líkamsrækt.

Uppáhaldsmaturinn? Lasagna à la mamma!

Uppáhaldsdrykkurinn? Kristall með lime bragði.

Uppáhalds sjónvarpsefnið? Ég horfi mjög lítið á sjónvarp en í tölvunni horfi ég mest á Modern Family og Vampire Diaries

Ertu hjátrúarfull/ur? Ég



segi 7, 9, 13 ansi oft, en að öðru leiti myndi ég ekki segja að ég væri neitt sérstaklega hjátrúarfull.

Hvaða persónu í mannkynssögunni myndir þú helst vilja hitta?

Louis Armstrong og Albert Einstein.

Hver er besta bókin sem þú hefur lesið? Það er erfitt að segja en ég var alltaf Harry Potter aðdáandi númer eitt svo ætli sú bókasería sé ekki efst á lista hjá mér.

Hvaða hljómsveit eða söngvari er

í mestu uppáhaldi? Dikta, U2, Robbie Williams, Beyoncé og svo margir aðrir!

Hver er uppáhalds hreyfingin eða íþróttin? Fimleikar, þú færð allt í einum pakka þar! Annars syndi ég líka mikið og skokka með hundana mína.

Hvaða þrjú orð lýsa þér best? Ákveðin, örugg og gláðlynd.

Hver er fallegasti staðurinn á Íslandi? Ég held mér muni alltaf finnst Akranesíð mitt fallegast!

Til hvaða lands langar þig mest að ferðast? Þar sem að Ameríkan er næst á dagskrá get ég strikað hana af listanum. Eftir stendur Grikkland, Indland og Tæland.

Hver eru framtíðarplön þín? Í haust hef ég 4 ára nám við Berklee College of Music í Boston. Ég hef ekki gert mikil plön hvað annað varðar en ég ætla bara að njóta þess að búa í stórborginni og leyfa restinni að komast í ljós með árunum.

Slysagildirur á heimilum

Fyrr á árinu var haldin ráðstefna um hættur á heimilum en tilgangur hennar var að vekja almenning til hugsunar um hættur sem leynast á heimilum fólks. Það er von þeirra sem stóðu að ráðstefnunni að draga megi úr fjölda slysa sem eiga sér stað í heimahúsum.

Það er tölfræðileg staðreynd að flest slys verða á heimilum fólks. Reglulega ætti því að yfirfara hvert herbergi í húsinu og ganga úr skugga um að þar sé allt í lagi. Á www.lydheilsustod.is er að finna ýmsar leiðbeiningar um hvernig má efla slysavarnir á heimilum. Séu dregin saman helstu atriði er niðurstaðan þessi:

- Þar sem ung börn eru þarf að loka stigaopum með öryggisgrind
- Á svalahandriðum ættu að vera lóðréttir rimlar með 10 sm millibili
- Æskilegt er að hlíf sé yfir eldri gerðum miðstöðvarofna
- Ekki skal staðsetja húsgögn of nærri rafmagnsöfnum vegna eldhættu
- Margar innijurtir eru eittraðar
- Reykskynjari, slökkvitæki og eldvarnarteppi ætti að var á hverju heimili
- Látið rafmagnssnúður aldrei hanga eða liggja lausar á gólfi.
- Tenglar skulu vera heilir og óskemmdir og vel festir í vegg.
- Öryggislæsing þarf að vera á gluggum svo þeir opnast ekki meira en 10 sm
- Gangið frá snúrum í gluggatjöldum svo enginn flæki sig í þeim
- Setjið klemmivörn á hurðir svo þær skellist ekki aftur í súgi
- Hálkunet þarf að vera undir gólfmottum
- Mottur þurfa að vera sléttar á gólfi og ekki með uppþrett horn



Hér er klárlega tækifæri til að gera betur.

Mikil ásókn í nám við Stóriðjuskóla Norðurláls

Framhaldsnám Stóriðjuskóla Norðurláls fer af stað í fyrsta skipti í haust. Það er þriggja anna nám, eins og grunnnámið, og er ætlað þeim sem hafa lokið grunnnámi, sem og iðnaðarmönnum. Stór hluti framhaldsnámsins fer fram í heimavinnu, eða nálægt 35%, og mun því reyna umtalsvert á skipulag og öguð vinnubrögð nemenda.

Umsóknarfrestur rann út 15.júní og höfðu 100 umsóknir borist, 57 í grunnnám og 43 í framhaldsnám.

Valnefnd, skipuð fræðslustjóra og framkvæmdastjórum, mun á næstu vikum meta umsóknir og velja þá umsækjendur sem bjóða á skólavist. Um 30 starfsmenn fá inngöngu.

Við val á umsækjendum verður horft

til ýmissa þátta, og þarf ekki síst að gæta að því að jöfn dreifing sé á milli deilda, þannig að engin deild eða vakt verði verulega undirmönnuð á skóladögum. Einnig verður horft til starfsaldurs, mætingarsögu og öryggisvitundar svo fátt eitt sé nefnt. Valferli á að vera lokið um miðjan ágúst og verður öllum umsækjendum gerð grein fyrir niðurstöðunni þegar hún liggur fyrir. Stefnt er að skólasetningu og upplýsingafundi með væntanlegum nemendum þann 2.september,



og hefst kennsla skv. stundaskrá þriðjudaginn 3.september.

Grunnnámið verður kennt á þriðjudögum og framhaldsnámið á fimmtudögum.

Grunnnám er ætlað þeim sem hafa aflað sér verklegar reynslu og þekkingar í stóriðju og vilja bæta við sig fræðilegri undirstöðu. Framhaldsnámið er fyrir þá sem vilja auka við þekkingu sína á framleiðsluferlum og efla leiðtoga-hæfileika sína.

Steinn Kr. Pétursdóttir



Álverskrummarnir kveðja

Elmari Snorrason, A - vakt kerskála og ljósmyndari, segir hér frá hrafnsungunum Einari einfætta sem vonandi nær að spjara sig. Við þökkum honum kærlega fyrir að gera okkur kleyft að fylgjast með fjölskyldunni í vor og sumar.

Nú eru allir hrafnsungarnir flognir úr laupnum. Það var einn eftir á föstudagsmorgun þegar ég kíkti á þá og var nokkuð leiðinleg ástæða fyrir því.

Þriðjudaginn 18. júní voru þeir merktir með álhring um fótinn eins og iðulega er gert. Hrafnslaupar eru síðan samsettir úr alskyns rusli, meðal annars mikið af gömlum ryðguðum girðingavir og hafði einn ungin náð að krækja vír í merkihringinn sinn meðfram fætinum og fótbrotið sig mjög illa og sat fastur í laupnum



því ennþá hékk fóturinn á, en rétt á örfáum sinum.

Eftir að hafa ráðfært mig við nokkra aðila stóðu eftir tveir kostir, annars vegar að aflífa ungan eða taka fótinn af og sjá hvað gerist, því að öðru leiti virtist hann vera mjög sprækur.

Ég tók því fótinn af og um leið flaug hann á brott og lenti um 100 metrum frá stigapallinum, furðu mjúkri landingu. Foreldrarnir voru sveimandi yfir og görguðu mikið þannig að auðséð var að þeir voru ekki búnir að yfirgefa þennan síðasta unga, enda eru ungarnir ekki nógu gamlir ennþá til að sjá um sig sjálfir.

Daginn eftir kíkti ég aftur á ungan og var

hann þá lifandi, sárið leit þokkalega út, í það minnsta hætt að blæða. Hann var þó



orðinn nokkuð hvítur í gognum af blóðmissinum og nokkuð þreyttur, en stóð þó í hinn fótinn og flögraði örlítið um. Ég reyndi að gefa honum skinkubita en hann kunnir ekki að taka við því, eitthvað vantar sennilega uppá hæfileikana hjá mér að æla uppí hann.

Á sunnudeginum kíkti ég aftur á hann, og

eftir stutta leit fann ég hann ásamt öðru systkini sínu og foreldrarnir ennþá sveimandi yfir. Sá tvífætti hleypti mér meira að segja alveg að sér til að taka myndir af sér. Sennilega verða þetta húshrafnar hjá okkur :)

Ég er því orðinn afskaplega vongóður að hann Einar (sá sem stendur á Einari löpp) eigi eftir að lifa fót námið af en ég hef heyrt af nokkrum öðrum fuglum, þar á meðal tveimur hröfnum, sem hafa verið einfættir.

Sennilega er þessari umfjöllun um Álverskrummuna nú lokið af minni hálfu, allavega þetta árið. Mögulega eiga þeir þó eftir að fylgja svæðinu á næstunni og verður spennandi hvort þeir komi aftur í laupinn á næsta ári.

Kv. Elmar Snorrason



Hátíðarstemning

Rósir, uppdekuð borð og afmælisterta beið þeirra sem lögðu leið sína í mótuneytið 11.júní þar sem starfsmenn gerðu sér dagamun í tilefni 15 ára framleiðsluafmælis... og líkt og alltaf var maturinn ljómandi góður .



Júníus Guðjónsson



Birna Björnsdóttir



Bjarni Jarlsson mætti í vinnugallanum frá árinu 1998. Trausti Gylfason var í 2013 árgerðinni.



Valdís Jakobsdóttir í fyrstu tegund vinnuskyrta sem starfsmenn Norðuráls notuðu.




Kátir starfsmenn

UMHVERFISSTEFNA

Norðurál framleiðir ál á umhverfisvænan hátt og leggur áherslu á að starfsemi fyrirtækisins sé í sátt við umhverfið. Stöðugt er unnið að lágmörkun umhverfisáhrifa ásamt ábyrgri nýtingu orku og hráefna. Norðurál stuðlar að aukinni umhverfisvitund og þátttöku starfsmanna í stöðugum umbótum. Norðurál uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum og reglum um umhverfismál.

Umhverfismarkmið Norðuráls eru:



**Lágmörkun losunar út
í andrúmsloft**



**Aukin þekking
starfsmanna
á umhverfisáhrifum**



**Aukin endurnýting
og ábyrg förgun**